

Nd.

528. Breytingartillögur

við frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík.

Frá Páli Þorsteinssyni og Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi byggingarkostnaðar féлагаheimila, sem bæjar- og sveitarfélög, ungmennafélög eða íþróttafélög reisa.

Í Reykjavík reisa ríkissjóður og Reykjavíkurbær æskulýðshöll í félagi, og taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingunni að öðru leyti en því, er í 2. gr. segir. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins.

Nú leggja félög æskumanna í Reykjavík fram fé til byggingar æskulýðs-hallar eða aðrir, er málið vilja styðja, og lækkar þá framlag bæjarsjóðs sem því nemur.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, er verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi (greinatala frv. breytist samkvæmt því):
 - a. (2. gr.) Skylt er bæjar- og sveitarfélögum að láta í té endurgjaldslaust lóðir undir féлагаheimili.

Reykjavíkurbær leggur til ókeypis hæfilega lóð undir æskulýðshöll.
 - b. (3. gr.) Þeir aðilar, er njóta vilja styrks úr ríkissjóði til byggingar féлагаheimila, skulu senda umsóknir sínar til íþróttanefndar, er gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um fjárframlög til þeirra. Íþróttanefnd skal hafa samþykkt uppdrætti að féлагаheimilum þeim, er styrks njóta, og hafa eftirlit með byggingu þeirra.
3. Við 3. gr. Síðasti málsliður greinarinnar falli burt.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Nánari fyrirmæli um allt, er varðar féлагаheimili og æskulýðshöll, skulu sett með reglugerð.
5. Við 6. gr. Orðin „ríkisins Reykjavíkurborgar“ falli burt.
6. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um féлагаheimili og æskulýðshöll.